

Örsaga 1

Það er föstudagur og rétt einn rigningardagurinn í febrúar. Inn til mín kemur fjölskylda í miklu uppnámi þar sem íbúðin sem þau búa í er á floti. Mín fyrsta hugsun er að þau séu eflaust að ýkja en þau sýna mér svo myndir úr íbúðinni sem þau leigja í Hafnarfirði.

Ég verð að segja að ég hélt að svona íbúðir væru ekki í leigu á Íslandi. Það var breið rakarönd með fram veggjum, pollar á gólfi og á einum tímapunkti hrundi loftið niður. Þarna bjuggu þau hjónin með þrjú börn, það yngsta sex mánaða. Þau voru mjög kvíðin, sár og reið.

Hjónin höfðu verið reglulega í sambandi við leigusalann um viðgerðir á íbúðinni. Hann svaraði þeim alltaf á sama hátt; að næsti eigandi myndi laga íbúðina þegar búið væri að selja hana. Þá fóru þau fram á lækkun á leigu en því var svarað með hroka og þeim sagt að þeim væri frjálst að flytja út. (Ég fékk að sjá samskipti þeirra hjóna við leigusalann).

Ég verð að segja að saga þeirra og aðbúnaður var með mér alla helgina og það fyrsta sem ég gerði á mánudagsmorgun var að hafa samband við félagsráðgjafa þeirra til að ræða um þeirra stöðu.

Þetta er saga sem fékk góðan endi þar sem þau eru komin með aðra og betri íbúð á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Örsaga 2

Til mín kemur íslenskur maður í kringum sextugt. Hann segir mér að hann sé búin að missa húsnæðið sitt og hafi ekki efni á því að fara aftur á almennan leigumarkað. Því neyðist hann til að búa í bílnum sínum. Hann á hund sem gerir stöðu hans enn þrengri við að finna húsnæði. Hundurinn er því í bílnum með honum.

Þessi maður er búinn að vera á vinnumarkaði alla sína ævi en vegna alvarlegra veikinda er hann búinn að vera á sjúkradagpeningum frá sínu stéttarfélagi og er á leið á örorku.

Hann fær að liggja inni eina og eina nótt hjá vinum en annars er það bíllinn. Dagurinn fer í göngur með hundinn, sundferð og heimsóknir í bókasöfn. Eins greiðir hann fyrir nótt og nótt á tjaldstæði til að geta þvegið af sér og eldað mat.

Hann er búinn að sækja um íbúðir, bæði hjá Brynju hússjóði og Félagsbústöðum en er ekki ofarlega á listum.

Hann sér það sem sinn eina möguleika að flytja af landi brott.

Örsaga 3

Það komu til mín hjón sem eru með tvö börn og hafa nýlega fengið kennitölu hér á landi. Það gekk mjög erfiðlega fyrir þau að fá húsnæði en fengu að lokum íbúð í nýju hverfi í Reykjavík.

Leigan er 360.000 sem er 12.000 kr. yfir hjónakvarða hjá Reykjavíkurborg. Þetta þýðir að þegar þau eru búin að fá allan þann húsnæðisstuðning sem þau eiga rétt á þá hafa þau hjónin 78.000 kr. á mánuði til að reka heimili með öllu sem því tilheyrir.

Til að geta gefið börnunum sínum að borða þurfa þau því að leita til hjálparsamtaka eftir aðstoð. Hvort sem það er til að geta verslað mat eða lyf.

Þau hafa ekkert tengslanet hér á landi og geta því ekki leitað til foreldra sinna eða annarra sem gætu annars hlaupið undir bagga með þeim. Það er enginn að bjóða þeim í mat og ekki er kassinn með barnafötum að ganga á milli í fjölskyldunni, eins og margir nýta sér. Þetta þýðir að fjölskyldan þarf að kaupa allt nýtt eða leita á náðir hjálparsamtaka til að fata börnin upp og það sama á við um þau sjálf.

Örsaga 4

Hann hefur verið að koma til okkar í gegnum tíðina og líka barnsmóðir hans. Hún hafði verið í meðferð og hann einn með barnið þeirra á meðan. Hann býr í ósamþykktu húsnæði, sem er fín íbúð að hans sögn. En þar sem hann er í slíku húsnæði þá fær hann ekki skráningu í þjóðskrá og hefur því engan rétt á húsnæðisstuðningi.

Barnsmóðir hans veikist og deyr og hann býr með barnið sitt áfram í óskráðu húsnæði. Bæði hann og barnið eru skráð sem ótilgreind í þjóðskrá. Hann fær því ekki þann stuðning sem hann á rétt á, svo sem barna- og húsnæðisbætur og barnalífeyri sem hann þarf svo sannarlega á að halda.

Það er verið að leita að húsnæði fyrir þau hjá félagsþjónustu og er barnavernd að styðja við þessa brotnu fjölskyldu: „Kerfið“ getur ekki mætt þeim þar sem þau eru stödd og horft fram hjá því að húsnæðið er óskráð. Þau fá því ekki þann fjárhagsstuðning sem þau eiga rétt á þó húsnæðið henti þeim ágætlega. Þessu fólki er ýtt út í fátækt á meðan þau leita að öðru húsnæði og þurfa að reiða sig á aðstoð hjálparstofnana til að hafa ofan í sig og á.

Örsaga 5

Einstaklingur sem hefur miklar og langvarandi þjónustuparfir og þarfnast stuðnings við flestar athafnir daglegs líf var inniliggjandi á geðsviði Landspítala í 2,5. ár. Ekki var hægt að útskrifa hann þar sem viðeigandi búsetuúrræði var ekki tiltækt. Sökum þessa voru aðrir sem þurftu að bíða lengur en ella eftir innlögn á geðviði Landspítalans með tilheyrandi persónulegum og samfélagslegum kostnaði vegna plássleysis.

Eftir loforð lögheimilisveitarfélags um að þjónusta væri væntanleg var þessi einstaklingur loks útskrifaður heim til fjölskyldu sinnar. Það átti að vera tímabundin lausn á meðan búsetuúrræði yrði gert klárt en síðan hefur liðið meira en hálft ár og enn er ekki viðeigandi húsnæði tiltækt. Mikið álag er á fjölskyldu hans og merki um alvarleg streitumerki hjá foreldrum hans og yngri systkinum sem eru undir lögaldri og hafa ekki geta sinnt námi sínu í grunnskóla með fullnægjandi hætti sökum heimilisaðstæðna.

Versnandi geðhagur hefur verið hjá þessum einstaklingi frá því að hann útskrifaðist af legudeildum á geðsviði Landspítala þar sem veikindi hans hafa ágerst vegna skorts á þjónustu og hugsanlegt er að hann gæti þurft að leggjast aftur inn á geðsvið Landspítala fái hann ekki viðeigandi stuðning í nærumhverfi sínu fljótlega.

Örsaga 6

Einstaklingur sem er með langvarandi vímuefnavanda og er greindur með geðklofa sem hefur verið á biðlista eftir sértæku búsetuúrræði í rúm tvör ár. Allir þjónustuaðilar eru sammála um að hann þurfi innankjarnaþjónustu en hann getur ekki fengið húsnæði í búsetukjarna þar sem hann er í reglubundinni vímuefnaneyslu og mjög fá búsetuúrræði eru til fyrir einstaklinga með tvíþættan vanda, það er vímuefnavanda og alvarlegan geðsjúkdóm. Sértæk húsnæði fyrir einstaklinga með vímuefnavanda (t.d smáhýsi eða annað slíkt) eru ekki talin henta honum sökum veikinda hans en hann hefur miklar þjónustu- og stuðningsþarfir. Raunin er því að hann er heimilislau og hefur athvarf í gistiskýli þar sem bæði geðrænn vandi hans og vímuefnavandi ágerist og hefur hann sökum félagslegra aðstæðna sinna ítrekað verið útsettur fyrir alvarlegu ofbeldi sem enn frekar ýtir undir fjölþættan vanda hans.

Þessi einstaklingur hefur einlægan vilja til þess að hætta vímuefnaneyslu og sinna endurhæfingu en hans helsti draumur er að snúa aftur á vinnumarkað ef hann hefur tök á en hann segir það algjörlega ómögulegt fyrir sig að vera edrú þegar hann er heimilislau og þar með geti hann ekki sinnt vinnu. Veikindi hans gera það jafnframt að verkum að hann á erfitt með sinna hefðbundninni vímuefnameðferð og þarfnast því skaðaminnkandi nálgunnar þar sem félagslegt öryggi hans er tryggt. Grundvallarforsenda þess að hægt sé að stuðla að endurhæfingu, bata og samfélagsþátttöku fyrir þennan einstakling er viðeigandi húsnæði þar sem hann getur fengið daglega þjónustu og stuðning.

Örsaga 7

Félagsráðgjafastarfið breytist stöðugt eftir því hvaða áskoranir samfélagið býður fólki upp á hverju sinni. Það segir sína sögu að í janúar síðastliðnum og einu sinni á sl. ári ákvað ég að brjóta hefðbundnar vinnureglur stéttarinnar og auglýsa á eigin Fésbókarsíðu eftir húsnæði fyrir fólk sem ég vinn með. Með vilja viðkomandi, birti ég myndir af þeim og sagði frá þörfum þeirra og vilja. Þetta skilaði góðum árangri í fyrra skiptið en ekki því síðara.

En hvað fékk félagsráðgjafann til 35 ára til að fara þessa óvenjulegu leið? Jú fordæmalaus neyð fátæks fólks af erlendum uppruna á íslenskum húsnæðismarkaði.

Örsaga 8

Hún vann í 20 ár í heimaþjónustu Reykjavíkurborgar en þurfti að hætta þegar hún greindist með tvær tegundir af krabbameini. Síðastliðin fjögur ár hefur hún búið í gluggalausú kjallaraherbergi þar sem er hvorki vaskur né eldunaraðstaða. Frammi á gangi er lítið salerni sem hún deilir með öðrum leigjanda. Þar sem enginn vaskur er í herberginu þvær hún leirtau sitt í sturtubotninum. Fyrir þetta greiðir hún 85.000 krónur á mánuði og á hvorki rétt á húsaleigubótum né sérstökum húsnæðisstuðningi því ekki er hægt að sækja um slíkt vegna leigu á herbergi. Hún er á biðlista hjá Félagsbústöðum.

Örsaga 9

Þegar ég hitti hana fyrst fékk hún að vera í gluggalausum geymsluherbergi í einbýlishúsi fyrrverandi eiginmanns og hélt sig að mestu inni því enginn mátti vita að hún væri þar. Svo fékk hún herbergi á neðri hæð í einbýlishúsi. Leigusalinn bjó á efri hæðinni en hafði útbúið níu herbergi niðri og leigði þau út án húsaleigusamnings. Þar var eitt baðherbergi og þrjú eldunarpláss. Í hinum herbergjunum bjuggu karlmenn sem gengu illa um og fannst sjálfsgagt að hún sæi um þrifin. Henni þótti hún heppin að komast þaðan þegar hún fann geymsluherbergi í litlu fjölbýlishúsi þar sem hún nýtti salerni með færri leigjendum en áður. En svo ákvað húsfélagið að ekki mætti leigja þessi herbergi út og þá hótaði leigusalinn lögreglu ef hún færi ekki út tiltekinn dag. Það eina sem bauðst henni þá var að gista hjá vinkonu sem leigir hjá Félagsbústöðum. Hún lætur lítið fyrir sér fara og þorir ekki að vera heima á daginn af ótta við að starfsmenn borgarinnar sjái hana og það verði til þess að vinkonan missi íbúðina. Hún er á biðlista hjá Félagsbústöðum.

Örsaga 10

Ég sinni flóttafólki í minni vinnu og snúast nánast öll viðtöl um húsnæðismál. Ég var með hjón með eitt barn sem þurfa að flytja af hótelinu sem þau fengu að vera á fyrst eftir komuna til landsins. Þau hafa leitað að íbúð út um allt, sent ótal skilaboð og sumir leigusalar eru orðnir mjög ósvífir. Þau sýndu mér sms samtal við einn slíkan en hann krafðist þess að fá 20.000 kr. fyrir það eitt að sýna þeim íbúðina og kallaði það „visit fee“ eða heimsóknargjald. Þau borguðu það enda orðin örvæntingarfull að finna húsnæði. Þau segjast svo hafa áhuga á íbúðinni og svarar hann að þau fái íbúðina ef þau leggja strax 50.000 kr. inn á hann. Þessar 70.000 kr. sem eru komnar í kostnað dragast ekki af leigunni heldur eiga þau að borga þetta aukalega til þess eins að tryggja sér rándýrt húsnæði. Hjónin sögðust vera þakklát Íslandi fyrir að taka á móti þeim en enduðu viðtalið á að spyrja hvað myndi gerast fyrir dvalarleyfið þeirra ef þau færu til nágrannalanda í leit að vinnu og húsnæði.

Örsaga 11

Hún er úkraínsk flóttakona sem bjó á gistiheimili fyrstu vikunnar hér á landi. Hún er með góða menntun og var í góðri vinnu áður en stríðið skall á og vinnur nú á hóteli í Reykjavík. Leitin að íbúð á almenna markaðnum skilaði engu svo þegar hún varð að fara af gistiheimilinu neyddist hún til að framleigja gluggalaust búr inn af eldhúsi hjá flóttafólki frá öðru landi. Búrið er tveir fermetrar með þunnri rennihurð og fyrir það greiðir hún 70.000 krónur á mánuði svart.

Þegar stríðið skall á hélt hún til í sprengjubyrgi ásamt fjölda fólks. Henni var kalt og hún var hrædd og hún man vel mýsnar og roturnar sem fóru ofan í eigur flóttafólksins. Þegar hún liggur nú í búrinu í sæluríkinu Íslandi og heyrir í músunum sem þar halda til og skilja eftir sig ummerki vekur það upp ótta og skelfingu frá hörmungunum í sprengjubyrginu sem hún var að flýja.

Örsaga 12

Anna er 25 ára fötluð kona. Hún býr enn heima hjá einstæðri móður sinni og systur sem er yngri en 18 ára. Anna hefur átt gilda umsókn um húsnæði hjá sveitarfélagi sínu og verið á biðlista frá því hún var 18 ára eða í heil sjö ár. Umsókn hennar er fyrir sértæku húsnæði, þar sem hún getur ekki búið ein. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir fær Anna engin svör um stöðuna sína á biðlistanum eða hversu lengi hún megi vænta þess að þurfa að bíða eftir húsnæði. Anna vinnur á vernduðum vinnustað. Anna fékk synjun hjá geðheilsuteymi taugaproskaraskanna þar sem hún var talin vera með of mikla þroskaskerðingu. Með öðrum orðum, Anna kemur að lokuðum dyrum allsstaðar í velferðarkerfinu, úrræðaleysið er algjört. Anna beitir yngri systur sína ofbeldi og er svo komið að systirin glímir einnig við mikla erfðleika og andlega vanlíðan og þarf verulega aðstoð. Það er því mjög mikilvægt fyrir bæði líðan annarra fjölskyldumeðlima og Önnu sjálfar að hún geti búið í sértæku húsnæðisúrræði og fái þann stuðning sem hún þarf.



Örsaga 13

Þrítugur maður með hálsmænuskaða lamaður frá öxlum er á vergangi. Hann fær ekki félagslegt húsnæði þar sem sveitarfélagið segist ekki geta ekki útvegað honum sólarhringsþjónustu. Hann hefur flakkað á milli hjúkrunarheimila og þurfti að vera á bráðamóttökunni yfir jólin svo hann fengi þjónustu.

Örsaga 14

Mesta álagið sem ég finn fyrir í vinnu sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg er úrræðaleysið í húsnæðismálum. Ég hef ekki tölu því fólki sem ég hef hitt og „býr hvergi“. Það er vonlaust fyrir þau að reyna að leigja á almennum markaði og biðin eftir félagslegu húsnæði tekur mörg ár. Á meðan þau bíða fá þau „að gista hér og þar“. Þau fara á milli vina og vandamanna og sofa á sófa í stofunni eða dýnu á gólfi. Þegar þau hafa samband og ég þarf að segja: „Nei, því miður, það er ekkert að fréttu. Þú fékkst ekki íbúð í þessari úthlutun,“ langar mig að öskra og spyrja: „Af hverju eru ekki byggðar fleiri félagslegar íbúðir í þessari borg? 5% prósent viðmiðið er ekki nóg! Vitið þið það ekki Dagur og Heiða Björg?“

Á meðan á heimsfaraldrinum stóð gekk sumum betur að fá leigt á almennum markaði því ferðamannastraumurinn lagðist nánast af. Nú heyrum við í auknum mæli af fólki sem er að missa íbúðir af því þær eru að fara í útleigu til ferðamanna. Þá bætast þau á biðlista Félagsbústaða, í hópinn sem „býr hvergi“ og bíður eftir símtali frá félagsráðgjafa sínum um úthlutun. Sú bið tekur mikið á og á meðan gerist oft margt slæmt í lífi fólksins.

Örsaga 15

Skjólstæðingur lendir í áfalli og verður hjólastólabundinn og kemur í endurhæfingu. Skjólstæðingur er samviksamur í endurhæfingunni en náði samt ekki eins miklum framförum og vonast var til og endurhæfing talinn fullreynd. Viðkomandi hafði áður glímt við vímuefnavanda en var hættur eftir áfallið. Viðkomandi er húsnæðislaus og ég byrjaði fljótt að leita allra leiða í þeim málum en það gekk ekki vel og meðal annars vegna langra biðlista. Skjólstæðingur tók líka ábyrgð og leitaði sjálfur að húsnæði en pressan varðandi að finna húsnæði var farin að valda skjólstæðingi kvíða. Èg var mjög ánægð eftir mikla vinnu í húsnæðismálum fyrir skjólstæðing að loks var skjólstæðingur búin að fá samþykkt í húsnæðisúrræði. En þegar ég ætlaði að láta skjólstæðing vita að íbúðinni þá hafði hann fallið og tekið inn vímuefni. En það útilokaði úrræðið sem skjólstæðingur var komin með samþykkt í þar sem um var að ræða viðkvæma hópa. Þá var ekkert húsnæði sem við höfðum og skjólstæðingur ákveður að flytja til vinar sem ekki er vitað hvernig aðstæður eru. En eftir áfallið að lenda í hjólastól og síðan komu húsnæðismálin ofan á þann vanda var ofviða fyrir viðkomandi. Það þarf nauðsynlega húsnæðisúrræði fyrir hreyfihamlaða með vímuefnavanda.

Örsaga 16

Èg er fèlagsráðgjafi á endurhæfingardeild innan Landspítala. Skjólstæðingar á deild eru að glíma við erfiðar aðstæður en það eru einstaklingar sem hljóta mænuskaða eftir slys, einstaklingar sem missa fót fyrir ofan hnè vegna slys eða sykursýki. Einstaklingar sem hljóta heilaskaða vegna árásar eða heilablóðfalls. Margir komast ekki aftur heim til sín eftir slík áföll og þurfa að breyta um húsnæði. Þau hafa því mörg áhyggjur af húsnæðismálum sem eykur á vanlíðan og kvíðann.

Þeir sem eru á leigumarkaði eða húsnæðislausir standa frami fyrir löngum biðlistum allstaðar, eins og hjá fèlagslegu leighúsnæði um 3 ár, langir listar á íbúðarkjarna þegar það á við. Brynja leigufèlag fyrir öryrkja um 40 mánuðir.

Það er mikilvægt að einstaklingar komist sem fyrst í endurhæfingu eftir ofangreind áföll og getur verið skaðlegt til framtíðar að komast ekki í tæka tíð. En þegar ekki er hægt að útskrifa einstaklinga þar sem endurhæfing er fullreynd tefur það fyrir þeim sem þurfa nauðsynlega að hefja endurhæfingu.

Þegar ljóst er að einstaklingar geta ekki búið sjálfstætt þrátt fyrir aðstoð þá er um tvennt að ræða. Hjúkrunarheimili og íbúðarkjarni fyrir þau sem falla undir þau skilyrði. En ef sótt er um íbúðarkjarna/sambýli er langur biðlisti og viðkomandi getur ekki beðið allan þann tíma á Spítalanum. En ef sótt yrði um að fara á hjúkrunarheimili (gangast undir Færni og heilsumat) þá fellur umsókn um íbúðarkjarna út svo spítalinn er þarna ráðalaus og auðvitað ekki boðlegar aðstæður fyrir skjólstæðing.

Það þarf nauðsynlega millibils húsnæðisúrræði meðan þau bíða á biðlistum eftir að komast í viðeigandi húsnæði/húsnæðisúrræði.

Örsaga 17

Ég er þakklátur hugaraflsmeðlimur. Árið 2018 bý ég í leiguhúsnæði á almennum markaði enn þó nei á svokallaða svarta markaðinum. Ég á 3 börn og árið 2007 misti ég einbýlishúsið mitt og varð gjaldþrota og á þessum tíma árið 2018 kynnist ég hugarafli. Ég var mjög illa stödd fjárhagslega og andlega og er að leigja af lögfæðingi gamla íbúð í furugrund í kópavogi í 6 mánuði svart á 260 þúsund með endurhæfingalífeyri. Fæ svo að búa í húsi mömmu minnar ásamt börnum og systur minni og hennar dóttur á meðan húsnæðið var í sölu. Ég var tiltölulega nýskilin og vorum við systurnar báðar einstæðar mæður með lítilfjarráð ég á endurhæfingu og hún flugfreyja. Þar sem ég var svartur pappír sem sagt gjaldþrota þá hafði ég um ekkert að velja annað enn að vera í leiguhúsnæði enn systir mín keypti sér íbúð á Suðurnesjum og ég var með barn á leikskóla í kópavogi og Strák í menntaskólanum í Kópavogi og dóttur í Álfhólsskóla. Ég var með félagsráðgjafa hjá kópavogsbæ sem aðstoðaði mig við að sækja um félagslegt húsnæði og var jú á þessum erfiða biðlista eftir húsnæði. Ég er alin upp við að vera kurteis og bíða í röðinni þar til að mér kemur enn ég komst fljótlega að því í gegnum aðra hugaraflsmeðlimi að svona virka ekki kaupin á eyrinni þegar kemur að húsnæðis málum. Á þessum tíma þá var dóttir mín sem brendist 3 stigs bruna á yfir 50% líkamans þegar hún var 15 mánaða að bíða eftir enn einni aðgerðinni við að losa strengi og var hætt að geta gengið og ég í ótta við að húsið hennar mömmu seldist og ég stæði einfaldlega á götunni með 3 börn. Það sem mér var ráðlagt að gera væri að hringja daglega og ítreka bið mína eftir húsnæði og svo lá ég einfaldlega á bæn í hverri viku eftir úthlutunarfund hvort ég fengi félagslegt húsnæði. Ég fékk lækni dóttur minnar að skrifa þeim bréf og svo gerist það að húsið hennar mömmu minnar er selt og ég hringi og tala við konu sem sér um þessi félagslegu húsnæðismál og hún spyr mig ertu á götunni og ég segi já enn þá loksins fékk ég úthlutað félagslegt húsnæði og var aðborga mjög sanngjarna leigu í langan tíma eða í kringum 100 þúsund sjálf enn í dag er ég á örorku vegna bíslýsa og áfalla og elsta barnið mitt dó vegna slysfara á sjó og dóttir mín er að verða 20 og svo á ég einn 8 ára og verðið á leigunni minni í dag er í kringum 190.00 krónur sem ég þarf að borga sjálf þegar ég er buinn að fá húsaleigubætur þannig verðbólgan og það að vera með færri börn á framfæri breytir stöðu mála mikið. Ég er þakklát fyrir að vera í öruggu husnæði enn örorkan er ekki með mikinn afgang fyrir hita og rafmagn og aðra kostnaðarliði eins og að reka bíl borga mat og internet og síma fyrir utan lyfjakostnað.



Örsaga 18

Erlendri konu með engin tengsl við landið var keyrt frá fangelsinu á Hólmsheiði og í gistiskýli. Þetta var á fimmtudegi og á föstudeginum var rauður dagur. Konan talaði litla sem enga ensku og þekkti ekki umhverfið. Yfir þennan rauða dag og helgina var lokað í athvarfinu frá kl 10 til 17 líkt og aðra daga ársins. Konan fór aldrei út úr garði athvarfsins því hún var hrædd um að rata ekki til baka.



Örsaga 19

Einstaklingur sem er að koma úr afplánun og hefur ekkert stuðningsnet. Hann endar á því að vera í litlu tjaldi með enga dýnu. Hann lauk afplánun að sumri til en þetta var aftur á móti bæði kalt og blautt sumar. Hann var ekki á tjaldstæði og hafði því ekki aðgang að hreinlætis- eða eldunaraðstöðu. Þessi einstaklingur gat af persónulegum ástæðum ekki nýtt sér gistiskýli borgarinnar og var þetta því eina lausnin sem hann fann á þeim tíma. Eftir nokkrar vikur fékk hann inn hjá konu sem hann ekki þekkti, en hjá henni fékk hann herbergi með aðgengi að salerni og eldhúsi



Örsaga 20

Fjölskylda af erlendum uppruna, nýkomin til landsins, bjó í litlu rándýru leiguhúsnæði. Um var að ræða alls 8 einstaklinga, þar af tvö börn á unglingsaldri og húsnæðið einungis með tveimur svefnherbergjum. Húsnæðið virtist ekki hafa fengið neitt viðhald áratugum saman. Gluggar mígláku þegar rigndi, m.a. þakgluggi sem olli mikilli bleytu á gólfi. Leki var úr klósetti yfir í íbúð á næstu hæð þar sem bjó önnur barnafjölskylda af erlendum uppruna. Stífla var í sturtu húsnæðisins, mikil fúkkalykt var á heimilinu og stórir blettir á veggjum sem báru merki um skemmdir vegna myglu.

Örsaga 21

Móðir með tvö ung börn hefur ítrekað verið beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi af hálfu barnsföður síns. Móðirin vill slíta sambandinu. Yngsta barnið er á bið eftir leikskólaplássi og getur móðirin því ekki sinnt vinnu. Faðir barnanna er útvinnandi og er móðir fjárhagslega háð föður. Segist hún ekki hafa tök á að standa ein straum af kostnaði vegna leiguhúsnæðisins. Hún heldur því áfram að búa með ofbeldismanninum.



Örsaga 22

Móðir með fjögur ung börn, nýkomin með alþjóðlega vernd á Íslandi, finnur ekki leiguhúsnæði fyrir sig og börnin sín. Fjölskyldan dvelur í vaktaskiptu úrræði sem er einungis hugsað til skamms tíma og önnur börn, sem eru í mikilli þörf fyrir að komast að í úrræðinu, fá ekki aðgang að því á meðan



Örsaga 23

Móðir með tvö börn, 17 ára og 5 ára, bjó í litlu ca. 8 fm herbergi með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og salerni.



Örsaga 24

Móðir með tvö ung börn bjó í rándýru leiguhúsnæði. Vaskar í húsnæðinu voru stíflaðir og höfðu verið það mánuðum saman. Skítugt brúnt vatn lá í vöskunum og virtust lagnir vera bilaðar. Leigusali sinnti ekki viðgerðum þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um það.



Örsaga 25

Fjögurra manna fjölskylda býr í kjallaraherbergi sem virðist vera gömul geymsla. Rýmið ekki meira en um 20fm. Á heimilinu er 15 ára gamalt barn sem virðist ekki hafa neitt persónulegt rými.